

# Samkeppnisstefna SFF

## 1. Inngangur

Meginhlutverk Samtaka fjármálafyrirtækja (SFF) er að stuðla að skilvirkri, hagkvæmri, öruggri og samkeppnishæfri umgjörð fyrir starfsemi aðildarfyrirtækja sinna og efla virka samkeppni, neytendavernd, skilning og almenna þekkingu á hlutverki og starfsemi fjármálafyrirtækja.

Það er stefna SFF að haga starfsemi sinni í einu og öllu í samræmi við ákvæði samkeppnislaga og stuðla um leið að heilbrigðri samkeppni á íslenskum fjármálamarkaði. SFF líta svo á að háttsemi innan samtakanna sem fari í bága við ákvæði samkeppnislaga sé skaðleg hagsmunum samtakanna og aðildarfyrirtækja þeirra.

Samkeppnisstefna þessi skal vera aðgengileg á vefsíðu samtakanna auk þess sem henni skal dreift til nýrra aðildarfyrirtækja og allra fulltrúa sem starfa á vettvangi samtakanna.

## 2. Aðild

Skilyrði fyrir inngöngu í samtökin skulu vera gegnsæ, málefnaleg og hlutlaus og skal gerð grein fyrir þeim í samþykktum samtakanna á hverjum tíma. Skal öllum er uppfylla skilyrðin heimil innganga í samtökin enda hafi viðkomandi sótt um aðild og greiði tilskilin aðildargjöld.

## 3. Stjórn, nefndir o.fl.

Allir sem taka sæti í stjórn samtakanna eða föstum nefndum á vegum samtakanna, skulu undirrita skriflega yfirlýsingu þess efnis að þeir hafi kynnt sér samkeppnisréttarstefnu þessa, samskiptaviðmið samtakanna, sbr. grein 4. Að öðrum kosti skal við upphaf einstakra verkefna leitast við að minna þátttakendur á samkeppnisstefnuna og bóka um það í fundargerð.

## 4. Samskipti

Þátttaka í starfi SFF felur í sér miðlun á upplýsingum og reynslu og þátttöku í umræðu um sameiginleg hagsmunamál aðildarfyrirtækja. Samskiptum milli fyrirtækja skal ávallt hagað þannig tryggt sé að ákvæði laga séu virt og á engan hátt stuðlað að samráði eða samstilltum aðgerðum í skilningi samkeppnislaga. Þá skal ávallt tryggt að starfsmenn og stjórnendur fari, í starfi á vettvangi samtakanna, að þeim fyrirmælum sem fram koma í sátt þeirri sem SFF gerði við Samkeppniseftirlitið, sbr. ákvörðun nr. 7/2022, sbr. einnig eldri ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 17/2004.

Í skilningi samkeppnislaga er litið á samskipti fyrirtækja á vettvangi samtaka fyrirtækja með sambærilegum hætti og öll önnur samskipti. Samskipti á vettvangi samtakanna skulu því aldrei fela í sér tilvísanir til verðs eða upplýsingaskipta um markaði eða viðskiptavini eða annað sem rétt er að leynt skuli fara milli samkeppnisaðila.

Sem hluta af þessari samkeppnisstefnu munu samtökin setja sér leiðbeiningar um fylgni við samkeppnisreglur, sem.m.a. innihalda samskiptaviðmið sem skulu höfð til hliðsjónar á fundum stjórnar samtakanna sem og fundum ráða og nefnda sem starfa á vettvangi samtakanna.

## 5. Öflun og miðlun upplýsinga

Við öflun og miðlun upplýsinga á vettvangi samtakanna skal gætt að trúnaði og verklag vera með þeim hætti að komið sé í veg fyrir að viðkvæmar eða sérgreinanlegar upplýsingar einstakra fyrirtækja geti borist í hendur annarra aðildarfyrirtækja eða þriðja aðila.

Við miðlun upplýsinga, hvort heldur er í ræðu eða riti, beint eða óbeint, skal þess gætt að ekki sé miðlað upplýsingum um viðskipti, viðskiptahætti eða markaðshlutdeild einstakra fyrirtækja. Þegar unnið er að rannsóknum á einstökum atvinnugreinum svo og sögulegum upplýsingum um framleiðslu, sölu eða markaðshlutdeild skal þess því ávallt gætt að um sé að ræða samtölur fyrir skilgreinda hópa fyrirtækja og að ekki sé unnt að bera kennsl á upplýsingar einstakra fyrirtækja.

Við þátttöku starfsmanna SFF í opinberri umræðu skal þess gætt að réttlæta ekki verðlagningu eða þjónustustig aðildarfyrirtækja og að í umfjöllun samtakanna felist ekki vísbendingar, skilaboð eða hvatning um tiltekna háttsemi eða aðgerðir aðildarfyrirtækja þeirra á samkeppnismarkaði. Sem hluta af þessari samkeppnisstefnu munu SFF setja sér viðmið um verklag við undirbúning og framsetningu opinbers fyrirsvars samtakanna.

## 6. Fræðsla

Starfsmönnum samtakanna og fulltrúum aðildarfyrirtækja sem taka þátt í stjórnnum, nefndum eða starfshópum á vegum samtakanna skal standa til boða fræðsla um samkeppnismál í samræmi við fræðsluáætlun samtakanna. Þeim skal jafnframt tryggt aðgengi að sérfræðiráðgjöf komi upp samkeppnisréttarleg álitafni í tengslum við störf þeirra í þágu samtakanna.

Samtökin leggja áherslu á að stuðla að umræðu um mikilvægi samkeppnismála í innra starfi sínu sem og á opinberum vettvangi.

Staðfest af stjórn SFF hinn 5. desember 2022